

Stjórnarfundur STEFs 20. mars 2025 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn fimmtudaginn 20. mars 2025 að Laufásvegi 40 kl. 10:00.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Sóley Stefánsdóttir, Magnús Jóhann Ragnarsson og Bragi Valdimar Skúlason. Halldór Smárasonar boðaði forföll og sat Þuríður Jónsdóttir fundinn í hans stað. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 30. janúar og útdráttur úr fundargerðinni voru lögð fram og hvort tveggja samþykkt.
2. Yfirlit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:

- a) Tilnefning STEFs til Höfundaréttarráðs.
- b) Míнар síður – breytingar, skjáskot.
- c) Nordic Position on AI Licensing – drög.

Undir þessum lið urðu nokkrar umræður um stöðu Tónlistarmiðstöðvar í ljósi tillagna hagræðingarhóps ríkisstjórnarinnar, en í þeim tillögum má finna hugmyndir um sameiningu allra kynningarmiðstöðva í eina Listamiðstöð Íslands. Þessar hugmyndir fá ekki hljómgrunn hjá stjórn og er stjórn tilbúin til að koma að hugsanlegum aðgerðum til varnar Tónlistarmiðstöðinni ef þörf krefur.

3. Nýr fjármálastjóri STEFs, Grímur Helgi Pálsson, kom og kynnti sig fyrir stjórn.

Þá voru skjöl undirrituð er tengjast aðgangi nýs fjármálastjóra og nýs gjaldkera STEFs að banka o.fl.

4. Nýr samningur við SÝN.

Drög að nýjum samningi við SÝN voru kynnt stjórn og samþykkt af hálfu stjórnar. Einnig var lagður fram útreikningur er sýndi ávinning STEFs af nýjum samningi.

5. Verðskrá útvarps og sjónvarps.

Samþykktar voru tillögur skrifstofu STEFs að smávægilegum breytingum og leiðréttingum á verðskránni og um leið voru sett í verðskrána skýrari ákvæði um VOD (Video On Demand), eða gagnvirk sjónvarp.

6. Kynjagreining 2024 – lagt fram til upplýsingar.

Skrifstofa STEFs gerir tölfræðilega úttekt á meðlimaskrá, aðild að verkum og úthlutunum árlega út frá kynjum. Í ár varð marktæk breyting til hækkunar á hlutdeild kvenna, sem voru 26% af nýjum meðlimum og eru þá 21,7% af heildarfjölda meðlima. Þá hefur aðild þeirra að verkum einnig aukist umtalsvert, þar sem konur voru skráðar höfundar eða meðhöfundar að 22,35% verka á síðasta áru, en í heild eru konur skráðar á 12,6% verka. Þá var úthlutun til kvenna á árinu 2024 15,07% af heildarúthlutun, en var árið áður 13,7%.

7. Reglur STEFs ef ágreiningu kemur upp um hlutdeild í verkum.

Undanfarið hafa komið óvenjumörg mál er varða ágreining um hlutdeild í verkum eða lagastuldi. STEF hefur haft tiltekið verklag í þessum efnum, en það hefur þó ekki verið skjalfest nægilega vel. Eftir að hafa skoðað verklag í okkar norrænu systursamtökum var niðurstaðan sú að STEF setti sér sérstakar reglur um

verklag í þessum málum. Lögð voru fram drög að slíkum reglum sem samþykkt voru með smávægilegum breytingum. Verða reglur þessar kynntar á heimasíðu STEFs. Helstu breytingar frá fyrra verklagi er að settur verður tiltekinn tímarammi, fjórir mánuðir, sem að verk getur verið merkt sem óúthlutunarhæft skv. beiðni aðila. Hægt verður að biðja um framlengingu á þessu tímabili, ef sýnt er fram á að aðilar máls séu í samskiptum og að reyna að leysa málið, eða ef búið er að höfða mál. Þá eru einnig settar tilteknar kröfur á aðila máls um að viðkomandi sé búinn að hafa samband við gagnaðila og kynna viðkomandi kröfur sínar skriflega.

8. Önnur mál.

Beiðni um styrk vegna lagahöfundabúða Airsongs 2025-2028. Ákveðið var að veita styrk til eins árs á móti þremur plássum á búðunum. Þar af munu tvö pláss verða veitt ZAIKS, systursamtökum STEFs í Póllandi á móti plássum sem meðlimir STEFs fá í lagahöfundabúðum tileinkuðum kvikmyndatónlist í Póllandi.

Undir þessum lið var einnig rætt um mögulega aðkomu STEFs að Airwaves í ár s.s. með því að aðstoða meðlimi STEFs að komast á ráðstefnu Airwaves, um stuðning við tiltekna liði ráðstefnunnar eða annað.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 12:00.

Eftir að formlegum stjórnarfundum lauk, kom nýr menningarráðherra, Logi Einarsson, á fund stjórnar og starfsfólks STEFs. Með í för voru aðstoðarmaður hans, Tómas Guðjónsson og Arna Kristín Einarsdóttir, skrifstofustjóri menningar í ráðuneytinu.

Framkvæmdastjóri STEFs kynnti starfsemi STEFs fyrir ráðherra og helstu áskoranir samtakanna og benti sérstaklega á með hvaða hætti ráðuneytið gæti stutt við STEF og tónlistargeirann í heild.

Ráðherra hélt einnig tölu og talaði m.a. um þrönga fjárhagsstöðu Tónlistarmiðstöðvar, en sagði um leið að allar breytingar á miðstöðinni yrðu gerðar í samráði við geirann og hagaðila. Þá talaði ráðherra einnig um mikilvægi þess að auka hlustun á íslenska tónlist hér á landi og að hann hygðist halda áfram því baráttumáli fyrrverandi ráðherra Lilju Alfreðsdóttur, að reyna að fá Spotify til að leggja meiri áherslu á íslenska tónlist. Þá var nokkuð rætt um áskoranir gervigreindar og þá aðgerðaráætlun vegna gervigreindar sem ný ríkisstjórn heldur nú áfram vinnu við. STEF og ráðherra voru sammála um að halda góðu sambandi og vinna saman að hagsmunamálum tónlistargeirans.